



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Maríuborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	4
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	7
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	10
4.	Starfsþróunarsamtöl.....	16
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	16
6.	Samstarf leik og grunnskóla	17
7.	Foreldrasamstarf	18
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
9.	Próunarverkefni.....	19
10.	Fylgiskjöl: Innra mat deilda.....	20
10.1	Innra mat Þúfu 2025-2026.....	20
10.2	Innra mat Lautar 2025-2026.....	22
10.3	Innra mat Lundar 2025-2026.....	24
10.4	Innra mat Brekku 2025-2026	26
10.5	Umbótaáætlun deilda 2026-2027	29
10.6	Umsögn foreldraráðs.....	34





1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2025-2026 í Maríuborg einkenndist af breytingum en mikil endurnýjun var í starfsmannahópnum og hinn faglegi jarðvegur hefur líklega sjaldan verið jafn frjór. Breytingarnar voru jákvæðar að því leyti að allskyns verkefni sem legið höfðu á hakanum skólaárið áður vegna aðstæðna fengu loks að blómstra og fyrstu skref nýs og faglegs lærdómssamfélags voru tekin frá og með haustinu. Teymisvinna innan skólans hefur verið í uppbyggingu þetta skólaár og það sést glöggt að sú vinna er að skila árangri eins og sjá má í umfjöllun um innra mat hér að aftan.

Halldóra Sigtryggsdóttir tók við sem leikskólastjóri í janúar 2025 og sinnti þeirri stöðu þar til lok árs 2025, þegar undirrituð tók við. Það í sjálfu sér, að skipta um leikskólastjóra á miðri önn, eru miklar breytingar fyrir alla; starfsfólk, foreldra og börn. Halldóra sinnti sínu starfi sem tímabundinn leikskólastjóri af mikilli alúð og setti sinn bjarta svip á starf leikskólans á erfiðum tímum. Það var undir hennar stjórn sem læsisteymi og sérkennsluteymi Maríuborgar var stofnað og hafist var handa við gerð Málstefnu. Þessi verkefni fengu svo að þróast áfram á vorönn og það hefur verið dásamlegt að fá að taka við kefli Halldóru og fylgja þeim verkefnum eftir.

Leikskólastjóraskiptin gengu mjög vel og tók undirrituð við sem leikskólastjóri 2. janúar 2026.

Vorönn og framtíðin – læsi, hæglæti og virk nævera

Það var alltaf markmið undirritaðrar að koma rólega inn; kynnast menningunni, starfsfólki, foreldrum og börnum. Það hefur gengið mjög vel. Mikilvægt er fyrir leikskólastjóra að vera faglegur leiðtogi og tók undirrituð frá tíma til leiks nokkra daga í viku með börnunum til að kynnast starfinu sem fór fram og mynda tengsl. Það mun halda áfram óbreytt enda veita þær stundir ómælda gleði og hjálpa til við að þekkja þarfirnar í Maríuborg. Vissulega fylgir nýjum stjórnendum ný orka en svo virðist sem sú orka hafi passað vel inn í það starfsumhverfi Maríuborgar sem Halldóra hafði hjálpað til að skapa, eða það er allavega upplifun sem speglast í samskiptum dags daglega sem og hlýlegu viðmóti starfsfólks.

Læsisteymið hélt ótrautt áfram á vorönn og lagði góðan grunn að læsistefnu Maríuborgar en málstefnan er einnig í bígerð og kom allt starfsfólkið að gerð hennar á starfsdögum á vorönn.





Þá var mikið um endurmenntun starfsfólks en endurmenntun er mikilvægur lykill að virku lærdómssamfélagi og hefur sérkennsluteymið sótt sér sérstaklega endurmenntun sem hjálpar við að styrkja teymið.

Skipulagsdagurinn 25.mars 2026 setti svo framtíðarsvip sinn á starfið í Maríuborg þar sem farið var yfir starfsmannakönnun sem kom vel út og rætt var um opin og hlý samskipti. Allt starfsfólk tók undir það og var sammála um þann góða anda sem væri í Maríuborg og að áfram veginn skyldi halda. Undirrituð var einnig með smá kynningu á *Hæglæti* (e. slow pedagogy) og rýmið sem þriðja kennarann en það er partur af Reggio Emilia hugmyndafræðinni þar sem áhersla er á barnið sem mikilhæfan einstakling, styrkleikamiðaða nálgun, frjálsa sköpun og skynjun og möguleikahugsun barna. Rætt var sérstaklega um virka nærveru kennara í tengslum við að virkja ímyndunarafl barna og hjálpa þeim að þróast og ýta undir svæði mögulegs þroska en einnig var farið yfir skipulag námsrýmisins og mikilvægi þess að það væri töfrandi og fullt af möguleikum og opnum efnivið. Allt var þetta tengt við *hæglæti* en það segir sig sjálft að virk nærvera kennara, töfrandi umhverfi, sveigjanlegt dagskipulag og frjáls sköpun þar sem börn gleyma stað og stund, hjálpar að skapa ró og tengsl og ýtir undir hæglæti fyrir alla í leikskólanum en það er stærsta markmiðið okkar á nýju skólaári. Lýðræðishópar voru myndaðir á skipulagsdeginum þar sem þessir þættir voru ræddir og svo hélt hver hópur kynningu á sínum niðurstöðum hvað varðar hlutverk kennara, leik, dagskipulag og námsrými barna. Mikil og jákvæð umræða skapaðist um þetta og saman ákváðum við að við vildum feta þennan veg áfram. Því má segja að þessi starfsáætlun fyrir skólaárið 2026-2027 leggi áherslu á *innleiðingu hæglætis* í Maríuborg með áherslu á virka nærveru kennara, sveigjanlegt dagskipulag og töfrandi umhverfi. Innleiðing sem þessi tekur tíma og næsta skólaár verða fyrstu skrefin tekin. Þess má þó geta að faglega starfið í Maríuborg er nú þegar mótað af barnvænni og styrkleikamiðaðri nálgun og því er þetta eðlilegt framhald sem styður við gildi Maríuborgar *leik, samskipti og námsgleði*.

Í Maríuborg er fallegur andi og það var ljóst frá fyrsta degi hvað fólk var tilbúið að taka á móti nýjum hugmyndum og halda áfram farinn veg sem mótaður hafði verið um haustið. Það er áberandi hvað fólkið í Maríuborg stendur þétt saman, hvað teymishugsunin er sterk og hvað samskipti eru hlý, opin og hvetjandi. Framtíðin er björt og undirrituð hlakkar óskaplega til





næstu daga, vikna, mánaða og ára með yndislega fólkinu, börnunum og foreldrunum sem skapa þorpið í Maríuborg.

Gleði, hæglætis, glimmer- og kaffikveðjur

Erna Agnes Sigurgeirsdóttir

Leikskóla- og töfrastjóri í Maríuborg





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Læsissteymi og læsisstefna
Hvernig fór matið fram?	Á deildarstjórafundi og læsissteymisfundi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur og læsissteymi og starfsfólk á skipulagsdegi
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Læsisstefnan er enn í vinnslu og stefnt er að útgáfu með vorinu 2027. Það hefur gengið vel að halda læsissteymisfundi og niðurstöður fundanna, fundargerðir og áherslur eru að skila sér inn á deild m.a. með umræðu um læsi í víðu samhengi og að læsi er alls staðar. Það sást greinilega í umræðum og kynningu frá læsissteymi í vor á starfsdegi þegar farið var yfir verkefni vetrarins.

Hvað var metið?	Málstefna
Hvernig fór matið fram?	Á deildarstjórafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur og verkefnastjóri fjölmenningar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Málstefnan er enn í þróun en stefnt er á að klára hana með vorinu 2027. Starfsdagar hafa verið notaðir til að kortleggja hugmyndir starfsfólks og þau atriði verða svo tekin og hnitmiðuð í eina einfalda stefnu sem mun svo verða partur af móttökuáætlun nýs starfsfólks sem og menningu leikskólans almennt.





Hvað var matið?	Mannauður og leikskólabragur
Hvernig fór matið fram?	Í samtali við starfsfólk m.a. í starfsþróunarsamtölum og umræðu um góðan starfsanda á skipulagsdegi í kjölfar yfirferðar á starfsmannakönnun.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og stjórnendur
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Það er góður andi í Maríuborg og fólk ræðir um að því líði vel í vinnunni, hlutverk séu skýr og upplýsingaflæði gott. Þá hefur einnig verið mikil ánægja hjá foreldrum sem upplifir vinalagt og faglegt umhverfi í Maríuborg á þessu skólaári. Það hefur komið fram í foreldrasamtölum, formlegum sem og óformlegum.</p> <p>Vinna hófst við gerð Starfsmannahandbókar á vorönn og mun sú vinna halda áfram inn í haustið. Nýtt starfsfólk sem byrjar í vinnu í Maríuborg er gefin <i>blíð byrjun</i> sérstaklega eftir að Reykjavíkurleiðin var kynnt. Reglulegt spjall við leikskólastjóra sem og deildarstjóra í byrjun starfs í Maríuborg skiptir líka máli þegar kemur að því að auka öryggi starfsfólks og ýta undir góðan starfsanda. Hrós skiptir máli, líka fyrir litlu hlutina. Skemmtinefnd var líka stofnuð og hefur hún staðið fyrir ýmsum skemmtunum á skólaárinu, t.a.m. jólagleði og vogleði.</p>





Hvað var matið?	Stjórnun - deildarstjóranámskeið
Hvernig fór matið fram?	Í lærdómssamfélagi Deildarstjóra
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Menntafléttunámskeið fyrir deildarstjóra gekk mjög vel og almenn ánægja var meðal deildarstjóra með námskeiðið. Hugmynd er að deildarstjórar næsta hausts fari líka á námskeiðið en þá munu nýir stjórnendur koma inn í teymið í Maríuborg.

Ytra mat

Hvað var matið?	Vellíðan á vinnustað – Stofnun ársins
Hvernig fór matið fram?	Með starfsmannakönnun og samtali á skipulagsdegi á vorönn.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Matið sýnir aukna ánægju í ýmsum flokkum en helstu ónægju mátti sjá með laun sem og vinnuaðstöðu starfsfólks (undirbúningsrými) og kaffistofu en það er í skoðun og verið er að endurskipuleggja rýmið.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	HÆGLÆTI
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Slaka á dagskipulagi og verkefnum inni á deildum, tímarammi sveigjanlegri. Aðaláherslan verði á sjálfsprottinn leik barna og að haft verði í huga að dagskipulag þarf ekki að stjórna öllum dögum alltaf. Það má fara út af plani og gefa leiknum og skapandi starfi þannig meira rými.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Dagskipulag og tímarammi Að meira rými verði gefið til sjálfsprottins leiks og að skipulögð verkefni á borð við Blæ og Lubba verði tengd inn í leik barnanna og leyft að fljóta með dagskipulagi. Ennþá verður boðið upp á sérstakar Blæ og Lubbastundir fyrir þau börn sem hafa áhuga á en líka er mögulegt að Blær og Lubbi verði með á öðrum tímum dagsins sem partur af leik barnanna og flæði dagskipulagsins í stað ákveðna stunda. Lubbi fer svo í jólafrí í desember og kemur aftur í janúar þar sem desember verður undirlagður af jólastarfi í leikskólanum. Þá munu svokallaðir skólaverkefnahópar breytast að því leyti að verkefni fyrir börnin eru í boði á hverjum degi fyrir þau börn sem hafa áhuga á en ekki í





	<p>formlegum skólahóps vinnustundum. Þannig er leiknum gefið meira rými og ekki verið að klippa á leik barnanna til að sinna öðrum verkefnum.</p> <p>Styrkleikamiðuð nálgun er þarna í fyrirrúmi.</p> <p>Verkefni á borð við föndur og annað skapandi starf lifa til lengri tíma og eru ekki bundin við tímaramma. Þannig minnkum við líka álag á starfsfólk og gefum okkur tíma og rými til að njóta saman með börnunum. Þetta þýðir að börn fá tækifæri til að koma aftur og aftur að listaverkunum sínum þar sem ferlið er í forgrunni. Hlutverk verkefnastjóra listasmiðju með vorinu mun hafa áhrif þar á en verkefnastjóri hóf störf í apríl 2026.</p>
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<p>Tímarammi og dagskipulag endurskoðað</p> <p>Tímarammi fyrir verkefni verður endurskoðaður og verkefnum leyft að lifa svo lengi sem áhugi barnanna er fyrir hendi. Dagskipulag einfaldað m.t.t. auka verkefna og fyrirfram ákveðinna stunda sbr. Lubbastundir færast stundum á aðra daga eftir hentisemi og þörfum eða Lubbi færist inn í leik barnanna þegar formlegri stund verður ekki við komið. Lubba er líka hægt að vinna í ýmsum útfærslum og engin ein leið er réttari en önnur.</p> <p>Fræðslur</p> <p>Einnig verða haldnar fræðslur um <i>hæglæti</i> fyrir starfsmannahópinn en stjórnendur hafa einnig farið á ráðstefnu um Hæglæti í maí 2026.</p>
Ábyrgð	Stjórnendur





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á vormánuðum 2026 fram að maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	<p>Með samtali á deildarfundum um hvernig gengur inni á deild; hvort við og börnin séum í meiri ró og nærvera sé virk. Endurskoðun á dagskipulagi gerð og farið yfir reglulega. Eiga samtalið um hvenær við erum að klippa á leik og af hverju? Hvenær getum við verið sveigjanlegri? Stjórnendur sem faglegir leiðtogar skipta þar miklu máli.</p> <p>Endurmat á starfsdögum með umræðu um hæglæti og virka nærveru.</p>
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<p>Ró inni á deildum, vellíðan starfsfólks og áhugi eykst. Skapandi starf fær að njóta sín og listasmiðjustundum leyft að lifa lengur- sum verkefni klárast jafnvel ekki og eru í endalausum ferli - tímaramminn verður lausari og skipulagðar stundir stjórna ekki öllu.</p> <p>Metið á stjórnendafundum, deildarfundum en einnig á skipulagsdögum með umræðum í tengd við fræðslu.</p>

Uppeldis og menntastarf innra mat	RÝMIÐ SEM ÞRIÐJI KENNARINN
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannaður/leikskólabragur, innra mat)	Töfrandi námsrými Að námsrými barnanna sé töfrandi, aðlaðandi og skapi huggulegt andrúmsloft sem ýtir undir flæði, möguleikahugsun og sjálfsprottinn leik.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að rýmin okkar verði lifandi og breytist í takt við áhuga barnanna. Deildarrýmin verði mótanleg og





	<p>auðvelt sé að breyta uppröðun reglulega; huggulegt andrúmsloft sem tekur utan um börnin og starfsfólk og skapi áhuga. Hlynsstofa breytist í læsishorn og heimiliskrók, salurinn verði m.a. nýttur undir hreyfingu. Einingakubbar færðir í fallega einingu á hjólum sem hægt er að færa á milli og listasmiðjan verði útbúin og notuð sem slík. Hirslur inni á deildum endurnýjaðar eins og hægt er. Rýmið nýtt í hólf og gólf!</p>
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Endurskoða innréttingar og skoða uppröðun á leikefni m.t.t. að auðvelt sé að nálgast efniviðinn og hann sé settur upp á áhugaverðan hátt.
Ábyrgð	Stjórnendur, deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Mars 2026-maí2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir ss. Deildarfundir þar sem rætt er um hvað virki í rýminu og hvað ekki. Deildarfundir nýttir til að kortleggja og færa til í rýminu reglulega.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að rýmin verði huggulegri og skapi meira flæði í leik. Auðveldara sé að svæðaskipta börnunum. Töfrandi námsrými er partur af hæglætishugsuninni þar sem kennarar eru með virka nærveru og lesa í rýmið og áhuga barnanna.

uppeldis og menntastarf	HLUTVERK STARFSFÓLKIS – VIRK NÆRVERA
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf,	Virk nærvera - sitja á gólfinu með börnunum. Partur af hæglætishugsuninni er að starfsfólk sé ávallt með virka nærveru, sitji hjá börnunum og sé partur





mannauður/leikskólabragur, innra mat)	af leikheimi þeirra , hvort sem um er að ræða þátttakandi í leik eða með virka nærveru og stuðning við leikinn. Það hjálpar starfsfólki að staðsetja sig í námsrými barnanna og ýtir undir núvitund.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að allt starfsfólk sé hjá börnunum í þeirra augnhæð þegar mögulegt; virk nærvera þar sem starfsfólk er partur af leikheimi barna og sé nálægt þeim. Að samvinna sé á milli deilda og að hugsunin um að þetta séu allt okkar börn blómstri. Þetta er áframhald á teymisuppbyggingu síðasta skólaárs.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með hvatningu, umræðum og fræðslu á fundum og skipulagsdögum en líka frá stjórnendum sem eru faglegir leiðtogar og fyrirmyndir og sjá um að starfsemi deildanna sé í takt við Aðalnámskrá og starfsáætlun.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Maí 2026- maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með samtali á starfsdögum þar sem gert er endurmat á því hvernig fólk upplifir hlutverk sitt í leik og lífi barna í leikskólanum. Fólk beðið um að taka saman skráningar og deila upplifun sinni af hlutverki sínu í námi barna. Skipulagt með fyrirvara svo fólk sé undirbúið að deila með öðrum. Allt starfsfólk fær sérstakar skráningabækur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk sé í virkri samvinnu og sýni samábyrgð í tenglum við vinnu með börnunum. Að börnin nái ró í leik og að fólk upplifi hlutdeild í starfi leikskólans; að það skipti máli að þau séu partur af leikskólastarfi og lífi barnanna dag hvern .





Stjórnun	STJÓRNENDATEYMI- UPPBYGGING OG SAMSTARF
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Stjórnendateymi þétti raðirnar og byggi upp virkt lærdómssamfélag og teymi.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Styrkja stjórnendur í ábyrgð og að vinna eftir sinni starfslýsingu og að teymishugsun sé sterk og virk.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með teymisfundum og stjórnendafræðslu frá Sóleyju og Sísí í mannauðsteyminu.
Ábyrgð	Stjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026-vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir á vegum stjórnendafræðslunnar og deildarstjóranámskeiðum Menntafléttunnar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að hlutverk séu skýr og verkaskipting skýr. Fólk hafi markmið og hafi áhrif á sína starfslýsingu á jákvæðan máta. Að stjórnendur sýni og finni skýra ábyrgð í starfi.





4. Starfspróunarsamtöl

Starfspróunarviðtöl fóru fram í febrúar 2026. Allt starfsfólk fékk undirbúningsblað þar sem farið var yfir ákveðna umræðupunkta. Starfsfólk hafði góðan tíma til að undirbúa sig. Hverjum starfsmanni var gefinn að minnsta kosti hálf tími til að ræða málin og farið var í gegnum punktana. Starfsmaður og leikskólastjóri kvitta svo undir í lok spjalls eftir að farið var yfir niðurstöðu samtalsins. Samtölin sýndu almenna ánægju í Maríuborg og stolt af starfinu. Þá var lögð áhersla á að alltaf mætti koma og spjalla við leikskólastjóra ef þyrfti. Það er frjór jarðvegur í Maríuborg og fólk er tilbúið í þróun í starfi en einnig hvað varðar hugmyndafræði leikskólans.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

30.september	Skipulagsdagur	Fræðsla frá Önnu Grétu um umhverfið sem þriðja kennarann og hæglæti.
30. September	Menntakvika e.h.	Málstefnan/ Fyrirlestrar eftir hádegi tengdir umbótamati
27. Nóvember	Skipulagsdagur	Virk nærvera – endurmat og umræða um dagskipulag og hæglæti. Starfsfólk deilir upplifun sinni. - Hvernig gengur? Áskoranir?
Haust og vor 2026	Miðja máls og læsis	Fræðsla í boði fyrir áhugasama um læsi og málörvun í leikskólum.
Haustönn og vorönn	Leikskólaliðanáam	Starfspróun starfsmanna eftir starfspróunarsamtal 2026
Haustönn og vorönn	Leikskólakennaranám	Á meistarastigi og í grunnámi eftir starfspróunarsamtal í febrúar 2026 .
5.febrúar	Skipulagsdagur	Dagur leikskólans – Anna Gréta- smiðja og fyrirlestur um ljós og skugga leik og jarðleir.
27. apríl	Menntastefnumót skipulagsdagur	Fyrirlestrar valdir tengdri umbótaráætlun
13.- 16.maí	Möguleg námsferð erlendis	Skoða skóla og hæglætis fræðsla.





6. Samstarf leik og grunnskóla

Dagsetning og tími	Viðburður	Staðsetning	Ábyrgð
ágúst-september	Lokaskipulag fest niður og sent út		Aðstoðarskólastjóri Ingunnarskóla
október	Skólaheimsókn elstu barna Gengið um skólann með aðstoðarskólastjóra	Ingunnarskóli	Aðstoðarskólastjóri Ingunnarskóla /deildarstj. elstu barna
október	1.bekkur í heimsókn Nemendur í 1. bekk koma í heimsókn í sinn gamla leikskóla og taka þátt í frjálsum leik með börnum. Skipta bekknum í tvo hópa.	Maríuborg/Geislabaugur	Deildarstjórar elstu barna / Umsjónarkennarar 1. bekkjar
nóvember	Heimsókn elstu barna í frístund Kynning í Stjörnulandi	Stjörnuland	Deildarstjórar elstu barna /Forstöðumaður Stjörnulands
nóvember	Dagur íslenskrar tungu 7. bekkur kemur að lesa fyrir leikskólabörnin	Maríuborg/Geislabaugur	Deildarstjórar elstu barna/ Umsjónarkennarar 7. bekkjar
nóvember	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn á Bókasafnið	Ingunnarskóli	Deildarstjórar elstu barna
desember	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn í samveru á sal	Ingunnarskóli	Deildarstjórar elstu barna
janúar	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn til umsjónarkennara 1. bekkjar	Ingunnarskóli	Deildarstjórar elstu barna / Umsjónarkennarar 1. bekkjar
febrúar	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn til umsjónarkennara 1. bekkjar	Ingunnarskóli	Deildarstjórar elstu barna / Umsjónarkennarar 1. bekkjar
mars	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn í íþróttatíma	Ingunnarskóli	Deildarstjórar elstu barna
apríl	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn í listgreinar	Ingunnarskóli	Deildarstjórar elstu barna
maí	Heimsókn elstu barna í frístund og fundur með foreldrum í Ingunnarskóla Börnin leika frjálst í Stjörnulandi á meðan foreldrar koma á fund með aðstoðarskólastjóra þar sem farið	Stjörnuland	Deildarstjórar elstu barna/Umsjónakennarar 1. Bekkjar/ Forstöðumaður Stjörnulands





	er yfir áherslur og kennslufyrirkomulag		
maí	Skilafundur milli skólastiga Fundir milli leikskóla, grunnskóla og frístundar	Ingunnarskóli	Deildarstjórar elstu barna

7. Foreldrasamstarf

Foreldraráð er starfandi í Maríuborg og var það kosið á haustönn 2025. Virkt foreldrafélag er starfrækt við skólann og vinnur að skipulagningu ýmissa viðburða á vegum félagsins fyrir börn leikskólans. Stefnt er að foreldrafélagið boði á foreldrafund í leikskólanum í byrjun hausts þar sem kosið verður nýtt foreldrafélag sem og nýtt foreldraráð.

Einnig er gert ráð fyrir foreldrakynningum í byrjun hausts *eftir* aðlögun þar sem hver deildarstjóri fer yfir starf vetrarins á boðuðum fundi. Þá mun leikskólastjóri einnig boða á nývistunarfund *fyrir* aðlögun 2026 þar sem nýir foreldrar fá innsýn inn í leikskólastarfið og farið verður yfir almenn atriði hvað varðar hugmyndafræði leikskólans, opnunartíma, veikindi barna, skóladagatal og slíkt. Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á haustönn 2026 og einu sinni á vorönn 2027 og stefnt er að hver deild skipti á milli sín dögum.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar 2026-2027 eru:

30. ágúst 2026 – hálfur dagur fyrir hádegi (Málstefnudagur)

30. september 2026 – sami og í grunnskóla

27. nóvember 2026 – hálfur dagur eftir hádegi

5. febrúar 2027 – sami og í grunnskóla

27. apríl 2027 – sami og í grunnskóla

13. og 14. maí 2027- námsferð skipulögð





9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Engin þróunarverkefni að undanskildum nýjum áherslum með innleiðingu hæglætis, virkri nærveru kennara og rýmisins sem þriðja kennarans.		





10. Fylgiskjöl: Innra mat deilda

10.1 Innra mat Þúfu 2025-2026

Haustönn 2025 hófst með 16 börnum á Þúfu, fæddum 2023–2024. Eftir áramót urðu smá breytingar á barnahópnum þegar tvö börn færðust yfir á Laut og eitt barn bættist við á Þúfu. Síðan þá hafa 15 börn, fædd 2024, verið á deildinni. Á deildinni starfa fimm kennarar.

Styrkleikar

Starfið á Þúfu hefur gengið vel þetta ár og var mjög ánægjulegt.

Á hverjum degi fórum við yfir veðrið í ávaxtastund, þar sem eitt barn fær hlutverk „veðurfræðings“. Öll börnin fengu tækifæri til að taka þátt og þeim fannst þetta mjög skemmtilegt. Þá höfum við rætt um veðrið og hvaða föt henta hverju sinni. Eftir áramót höfum við byrjað að fara yfir dagskipulagið með börnum eftir ávaxtastund. Við höfum náð að fara út nánast á hverjum degi, nema þegar veður hefur ekki leyft. Þá höfum við verið dugleg að skipta börnunum í hópa og nýta rýmið innan dyra á fjölbreyttan hátt.

Á meðan börnum var skipt í hópa höfum við meðal annars nýtt ker og vask á deildinni fyrir skynjunarleiki. Börnin hafa fengið að njóta sín í leikjum með hrísgrjónum, baunum og klaka, auk þess sem við höfum nýtt vaskinn á baðinu til að leika með snjó. Börnum fannst þessar stundir mjög skemmtilegir og hafa þau tekið þátt með áhuga.

Samverustundir á Þúfu hafa verið haldnar daglega frá kl. 11:20–11:40. Í dagskipulaginu eru tvær fastar stundir, Lubbi og Blær, en aðrar samverustundir taka mið af áhuga barnanna hverju sinni. Kennarar velja því fjölbreytt viðfangsefni út frá því sem vekur áhuga hópsins. Í samverustundum höfum við meðal annars unnið með liti, líkamann, allskonar dýrategundir og ýmis önnur viðfangsefni sem styðja við nám og þroska barnanna á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt. Auk þess reynum við alltaf að flétta stærðfræði inn í starfið okkar og í lokin teljum við allar myndirnar sem voru notaðar í stundinni. Bæði í Lubba og öðrum stundum erum við að klappa atkvæði í hverju orði og það hefur reynst mjög vel og eru börnin sjálf byrjuð að biðja um að klappa atkvæði í samverum þegar við erum t.d. að skoða myndir af dýrum. Einnig höfum við byrjað eftir áramót að hafa loðtöflustundir eftir síðdegishressingu





og þá erum við annaðhvort að lesa loðtöflusögur, syngja eða fara yfir allskonar myndir með börnum til að hafa rólega stund áður en þau fara heim.

Það hefur gengið vel að fylgja mánaðarþemum og vinna skapandi starf tengd þeim. Skráningar í möppur barnanna hafa haldist í góðu samræmi við verkefnin og einnig hefur gengið vel að bæta reglulega við efni í möppurnar.

Samvinna milli Lautar og Þúfu hefur gengið vel á þessu ári. Við höfum oft tekið höndum saman og stutt hvort annað eftir þörfum á deildunum. Einnig höfum við blandað börnum af Þúfu og Laut saman seinni hluta dagsins. Sérkennsla hefur verið partur af deildinni sem snemmtæk íhlutun og fer eftir vikuplani.

Tækifæri

Fyrir áramót gekk vel að halda hljóðfærastundum en eftir áramót hefur það dottið niður. Okkur langar að endurskoða skipulagið okkar og reyna að koma slíkum stundum einu sinni í viku, kannski fyrir hádegi.

Þar sem barnahópurinn er mun yngri á þessu ári höfum við frekar nýtt garðinn í útiveru en farið í gönguferðir. Okkur langar þó að vera duglegri að hefja gönguferðir fyrr með börnunum, til dæmis með því að fara stuttar ferðir í litlum hópum utan leikskólasvæðisins. Að fara í gönguferðir án tímaramma er partur af hæglæti og hjálpar til að ýta undir virka nærveru kennara og gefur börnum tækifæri að lesa í náttúruna.

Einnig langar okkur að halda áfram að nota sjónrænt dagskipulag til að fara yfir daginn með börnunum. Við ætlum jafnframt að taka í notkun myndakippur sem allir kennarar á Þúfu hafa hjá sér, til að auðvelda börnunum að skilja hvernig dagurinn er uppbyggður og styðja þau í að fara á milli verkefna, sem getur reynst krefjandi fyrir svo ung börn.





10.2 Innra mat Lautar 2025-2026

Á Laut voru 18 börn fædd 2023 veturinn 2026 tvö börn úr árganginum byrjuðu eftir áramót. Á Laut eru fimm tvítyngd börn. Við vorum með fastar samverustundir á deildinni þar sem lestur bóka var í hávegum hafður og lesnar voru loðtöflusögur. Unnið var með Lubba og Blæ vinaverkefni Þá var samræmt sjónrænt skipulag á deildinni á veggjum og á lykklakippum sem er gott að nota fyrir börn og leggjum við áherslu á að nota orð yfir athafnir.

Styrkleikar

Við fórum yfir dagskipulagið (sjónrænt) með börnunum á hverjum degi eftir morgunmat sem veitir börnunum öryggi og vellíðan að vita hvað fram undan er. Einnig fórum við yfir hvernig við klæðum okkur miða við veðurfar. Eitt barnanna fékk að vera veðurfræðingur og bauð svo upp á ávexti. Við fórum út á hverjum degi nema ef veðrið stoppaði okkur. Lubbi og málhjóðin og vináttuverkefni Blær voru 2x í viku. Börnum var skipt í tvo hópa og tveir starfsmenn í hvorri stund. Fyrir hádegimat í samveru þá var börnunum einnig skipt í tvo hópa en þá var lestur eða unnið með málleiki, sungið saman og fræðst um fjölbreytt viðfangsefni s.s litina, tölustafi en einnig var farið í hreyfileiki (*líkamsvitund*). Loðtöflu verkefni átti sinn sess eftir síðdegishressingu en nsvo töldum við saman spjöldin eftir stundina en í því er mikil stærðfræði og talnalæsi. Það gekk vel að skipta börnunum í litla hópa bæði inni á deildinni og í sameiginlegu rými leikskólans, í litlum hópum æfa börnin félagsleg samskipti, skiptast á og læra að bíða. Þar myndast fjölbreyttur leikur. Börnin unnu einstaklingverkefni með litapema sem við gerðum skráningu um og fór í möppur barnanna. Reyndum að senda myndir af börnunum í leik og starfi þegar tími gafst á föstudögum. Sérkennsla hefur verið partur af deildinni sem snemmtæk íhlutun og fer eftir vikuplani.

Tækifæri

Næsta haust væri gott halda áfram að byggja ofan á það starf sem er nú og samræma verklag þegar kemur að sjónrænu skipulagi. Einnig gott að halda því góða samstarfi sem er á milli þúfú og Lautar og sem á eldri deildum.





Við viljum vinna meira með útikennslu, náttúruna, gönguferðir í nánasta umhverfi bókasöfn og fleira en allt er það í tengslum við hægætishugsunina sem innifelur í sér virka nærveru kennara sem skynja áhuga barnanna og aðstoða við að skapa töfrandi rými og stundir.

Þannig viljum við nýta rýmið sem þriðja kennarann þ.e. að rýmið og efniviður sé töfrandi og að kennarar séu til staðar og meira á **gólfi** með börnunum.





10.3 Innra mat Lunda 2025-2026

Haustið 2025 voru 23 börn skráð á Lundi. Það voru tvö ný börn sem voru í aðlögun í byrjun haustsins. Börn fædd 2021 voru 12: 5 stelpur og 7 strákar. Börn fædd 2022 voru 11: 6 stelpur og 5 strákar.

Við höldum kynningarfund á Lundi í byrjun október þar sem deildarstjóri og starfsfólk kynntu starf vetrarins. Ánægjulegt var hversu margir foreldrar mættu á kynningarfundinn. Mikil breyting er búið að vera á starfshópi deildarinnar og hafði það áhrif á starfið, en gekk þó vel að halda utan um starf deildarinnar og breyta til þegar þurfti að halda.

Styrkleikar

Við höfum verið mikið að vinna með sjónrænt skipulag í samverustundum. Þar lögðum við áherslu á að börnin eru að læra vikudagana, mánuðina, hvernig veðrið er og hvernig þau eiga að klæða sig miðað við veðurfar. Samverustundirnar hafa almennt verið tvær til þrjár á hverjum degi. Við höfum líka lagt áherslu á **félagfærni, vera góðir vinir og læsi**. Við höfum nýtt ýmsar aðferðir með málörvun og læsi eins og í leik og Lubba. Við vorum líka með sjónrænt dagsskipulag á vegg deildarinnar. Síðan var stafrófið og tölustafir uppi á veggjum deildarinnar sem börnin gátu skoðað

Við höfum unnið með litapema í hverjum mánuði og bættum skráningum í ferilmöppur barnanna í tengslum við það. Þau hafa gert allskonar verkefni eins og marglyttur, fjölskyldumyndir og sjálfsmyndir. Við höfum verið með flæði á milli Lunda og Brekku þegar það hefur gegnið upp. Í apríl var leikskólinn að vinna að sameiginlegu verkefni um geiminn og vorum við að því í rólegheitum með hæglæti að leiðarljósi. Sameiginlega verkefnið var síðan sýnt fyrir foreldra á opna húsinu þann 8. maí. Það var eitt af markmiðum okkar að auka samstarf eldri gangs og þá sérstaklega hjá börnunum fædd 2021 þar sem þau eru inni á Lundi og Brekku. Þau hafa hist á svæðum ásamt því sem þau börn sem ekki fara í fótbolta á föstudögum hafa hist annað hvort á Brekku eða Lundi í sameiginlegum leik meðan fótbolti er. Við höfum því reynt að nýta tækifæri til að sameina deildir þegar hægt er. Inni á Lundi höfum við lagt áherslu á sjálfshjálp, að klæða sig sjálf og almenna borðsiði eins og að borða





með áhöldum og ganga frá eftir sig. Einnig leggjum við áherslu á að börnin sitji í sætunum sínum á meðan þau eru að borða og að sýna virðingu við aðra í matartíma.

Við höfum verið að leggja áherslu að skipta börnunum upp á svæði í minni hópa. Um haustið vorum við að skipta hópnum aðalega í þrennt en síðan á vorönninni vorum við að skipta þeim í fernt. Þegar við vorum að skipta þeim upp í hópa vorum við að nýta mismunandi svæði sem við höfum aðgengi að, t.d. kubbastofu, salinn, Hlynstofu og vorum einnig stundum að fara með hluta af börnunum út að leika sér.

Eftir áramót tókum við á Lundi upp hvíld fyrir 2022 börnin þar sem sum börn voru oft að sofna eftir leikskóla. Í þessari hvíld gátu þá nokkur börn fengið að sofa á meðan hin fengu þá tækifæri til að vera í smá rólegheitum að hlusta á sögu efir hádegismat barnanna.

Þegar voraði nýttum við nærumhverfið fyrir útinám að stóru leyti, fórum í gönguferðir um hverfið okkar, fórum á bókasafnið auk þess að taka göngu um hverfið og kynnst heimilum barnanna á Lundi.

Sérkennsla: Sérkennsla á Lundi var 0,75 stg á þessi skólaári og jókst á vorönn. Einn sérkennari var á deildinni. Það gekk vel að halda utan um sérkennsluna en sérkennslan kom ekki inn fyrr en í mars 2026. Lagt var þroskamát og gerðar voru einstaklingsáætlanir sem unnið var út frá. Þess skal haldið haga að lögð var áhersla á að sérkennslubörnin væru partur af barnahópnum og sérkennarar voru ekki bundnir alveg fastir við sérkennslubörn en væru þó umsjónarmenn mála þeirra. Farið var eftir sérstakri stundartöflu þar sem gerð var grein fyrir sérstökum einstaklingsstundum þar sem litið var til styrkleika og áhugasviðs barnanna og unnið var í litlum hópum. Þetta er í samræmi við skóla án aðgreiningar sem Maríuborg vinnur í takt við. Snemmtæk íhlutun var unnin þvert á deildir þar sem sérstakur starfsmaður sinnti þeim málaflokki út frá mánaðarplani. Á Lundi var snemmtæk íhlutun stór partur af deildinni og unnið var í takt við það. Tekin voru EFI próf á öllum börnum á fjórða aldursári.

Tækifæri

Á síðasta ári settum við okkur það markmið að auka samvinnu milli 2021 árgangs á Lundi og Brekku. Við settum upp dagskipulag þar sem 2021 stelpur og strákar hittust í leik á svæðum. Það gekk yfirleitt vel en stundum dattu þær stundir niður vegna annarra verkefna. Við





nýttum þó meira flæði milli deilda og þar blönduðust hóparnir vel. Tækifæri eru til að efla samstarf árganga enn frekar strax í haust ef vilji er fyrir því.

Einnig er tækifæri til að skipuleggja strax hvíld fyrir yngri hóp frá haustinu þegar börnin koma upp á Lund og eru þá von að vera í hvíld frá því á Laut.

Markmið næsta skólaárs er að vera meira opinn fyrir sveigjanleika í dagskipulagi. Lubba og Blæ stundir verða meira flæðandi. Markmiðið er að börnin fái meiri frjálsar hendur að skapa og að nýttur verði allur þann efniviður sem við komumst yfir í sköpun. Börnin fái meira sjálfstæði í vali og leik og að kennarar séu með virka nærveru og sitji hjá börnunum í leikheimi þeirra.

10.4 Innra mat Brekku 2025-2026

Haustið 2025 voru 21 börn skráð á Brekku. Strax í september urðu breytingar, þrjú börn skiptu um leikskóla og fjögur ný börn hófu aðlögun. Þrjú þeirra fædd 2020 og fóru beint í skólahóp og eitt fætt 2021. Alls voru börnin á Brekku því 22 talsins veturinn 2025-2026. Börn fædd 2020 voru 16 eða fjórar stelpur og 12 strákar. Börn fædd 2021 voru sex eða tveir strákar og fjórar stelpur.

Við héldum kynningarfund á Brekku 29. september þar sem deildarstjóri og starfsfólk kynntu starf vetrarins. Ánægjulegt var hversu margir foreldrar sáu sér fært að mæta. Aðlögun haustsins tók nokkurn tíma og hafði áhrif á haust starfið okkar en síðasta barnið kom inn í byrjun október. Eftir áramót urðu starfsmannabreytingar þegar starfsmaður fór í veikindaleyfi og nýr starfsmaður hóf störf. Þrátt fyrir þessar breytingar tókst að halda vel utan um starfið með flottum og samheldnum starfsmannahópi.

Styrkleikar

Við höfum unnið markvisst með sjónrænt skipulag í samverustundum. Börnin hafa lært að þekkja rúttínuna og að fylgja plani. Samverustundir hafa verið a.m.k. þrjár á hverjum degi, alla daga. Þar fer fram mikil málörvun og félagsþroski og leggjum við áherslu á hlustun og virðingu fyrir hvort öðru. Við höfum haldið okkar stefnu að leggja áherslu á félagsfærni, vináttu og læsi. Börnin hafa farið í Blæ stundir og unnið með hljóð og tungumálið í gegnum leiki og Lubba. Stór partur af okkar starfi hefur farið í að efla **félagsfærni og vináttu**, að vinna





með hópinn, þjappa þeim saman og takast á við ýmsar áskoranir í samskiptum barnanna, en við leggjum mikla áherslu á **virðingu** við hvort annað. Við erum stolt af þeirri vegferð, enda teljum við einn mikilvægasta undirbúninginn fyrir skólann að æfa samskipti og félagsfærni. Börnin hafa þó líka unnið í verkefnahefti yfir veturinn en öll börn á Brekku eiga verkefnamöppu sem þau hafa safnað sínum skólaverkefnum í.

Við höfum unnið með litapema í hverjum mánuði og bættum skráningar í ferilmöppur. Við höfum gert skráningar fyrir hvern mánuð. Það hafa m.a. verið haust- og vináttumyndir og sjálfsmyndir. Við höfum unnið með flæði milli Lundar og Brekku þegar það hefur gengið upp. Það var eitt af markmiðum okkar að auka samstarf eldri gangs og þá sérstaklega hjá börnum fædd 2021. Þau hafa hist á svæðum ásamt því sem þau börn sem ekki fara í fótbolta á föstudögum hafa hist annað hvort á Brekku eða Lundi í sameiginlegum leik meðan fótbolti er. Við höfum því reynt að nýta tækifæri til að sameina deildir þegar hægt er. Hér á Brekku höfum við líka lagt mikla áherslu á sjálfshjálp, að klæða sig sjálf og almenna borðsiði eins og að borða með áhöldum og skammta á diska. Þá leggjum við líka áherslu á virðingu við aðra við matarborðið. Það hefur gengið vel.

Skólahópur var með ýmsa dagskrá yfir önnina. Strax í september fengu þau boð á sýninguna Karnival dýranna í Hörpu. Í október heimsótti slökkviliðið elstu börnin. Í desember fóru þau á jólaball í Ráðhúsinu með borgarstjóra Reykjavíkur auk þess að æfa helgileikinn sem þau sýndu í Guðríðarkirkju 17. desember. Þá voru skólaheimsóknir reglulega yfir haustönnina þar sem þau fengu góða innsýn í skólalífið.

Eftir áramót hófst vinna með skólahópinn tengt Barnamenningarhátíð. Börnin fóru á æfingu í tónlistarskóla Grafarvogs í mars en hátíðin fór svo fram þann 21. apríl. Þegar voraði nýttum við nærumhverfið, fórum í gönguferðir og týndum rusl. Þá kynntumst við heimilum barnanna. Þá fóru öll börn á Brekku 1 x á bókasafnið í Úlfarsárdal eftir áramót. Skólahópur fer í sína útskriftarferð á Akranes í júní og í síðustu skólaheimsókn vetrarins þann 20. maí þar sem foreldrum var boðið í heimsókn í frístund.

28. maí var síðan stór dagur þegar haldin var útskrift skólahóps við hátíðlega athöfn.

Sérkennsla: Sérkennsla á Brekku var 1,75 stg á þessi skólaári og jókst á vorönn. Þrjú sérkennarar voru á deildinni með mismikla prósentu sem slíkir. Það gekk vel að halda utan





um sérkennslubörnin. Lögð voru þroskamöt og gerðar voru einstaklingsáætlanir sem unnið var út frá. Þess skal haldið til haga að lögð var áhersla á að sérkennslubörnin væru partur af barnahópnum, líkt og almennt er gert í Maríuborg. Sérkennarar voru ekki bundnir alveg fastir við sérkennslubörn en voru þó umsjónarmenn mála þeirra. Farið var eftir sérstakri stundartöflu þar sem gerð var grein fyrir sérstökum einstaklingsstundum þar sem litið var til styrkleika og áhugasviðs barnanna og unnið var í litlum hópum. Þetta er í samræmi við skóla án aðgreiningar sem Maríuborg vinnur í takt við. Snemmtæk íhlutun var unnin þvert á deildir þar sem sérstakur starfsmaður sinnti þeim málaflokki út frá mánaðarplani.

Tækifæri

Á síðasta ári settum við okkur það markmið að auka samvinnu milli 2021 árgangs á Lundi og Brekku. Við settum upp dagskipulag þar sem 2021 stelpur og strákar hittust í leik á svæðum. Það gekk yfirleitt vel en stundum dattu þær stundir niður vegna annarra verkefna. Við nýttum þó meira flæði milli deilda og þar blönduðust hóparnir vel. Tækifæri eru til að efla samstarf árganga enn frekar strax í haust ef vilji er fyrir því. Þá dattu jóga stundirnar okkar niður eftir áramótin en starfsmaðurinn sem sá um þær fór í leyfi. Tækifæri er að halda þeim áfram strax í haust ef vilji er fyrir hendi.

Markmið næsta skólaárs er að vera meira opinn fyrir sveigjanleika í dagskipulagi. Lubba og Blæstundir verða meira flæðandi og skólahópar sem slíkir breytast að því leitinu til að verkefnamöppur eru núna alltaf aðgengilegar börnunum þegar þau hafa áhuga á. Þannig detta formlegar skólahópsstundir niður en verkefnamöppurnar eru ávallt í boði. Þarna er í forgrunni styrkleika- og áhugasviðsmiðuð nálgun sem og hæglætishugsunin en þetta er í takt við nýjustu rannsóknir í menntunarfræði yngri barna.

Markmiðið í vetur er að börnin fái meiri frjálssar hendur að skapa og að nýttur verði allur sá efniviður sem við komumst yfir í, í sköpun. Börnin fái meira sjálfstæði í vali og leik.





10.5 Umbótaáætlun deilda 2026-2027

Þúfa og Laut/ 1-3 ára börn	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjónrænt skipulag/myndakippur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka skilning barna á því hvernig dagurinn okkar fer fram, auk þess að auka skilning þeirra á því að fara úr einu verkefni í annað. Myndakippur ýta undir öryggi barna sem ýtir undir hæglæti inn á deild þar sem skýrt og einfalt dagskipulag skapar ró og aðstoðar við skiptistundir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hver kennari á deild notar myndakippur, nýtir myndir til að sýna börnum
Ábyrgð	Starfsfólk deildarinnar (Þúfu og Lautar)
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í byrjun skólaárs. Kennarar myndu nota kippurnar í aðlögun barnanna og færa sig smátt og smátt yfir stóra dagskipulagið með tímanum og nota kippurnar áfram með börnum sem þurfa á því að halda.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með samræðum milli kennara á deildarfundum þar sem rætt verður um hvernig gengur að nota kippur, hvort við þurfum að breyta einhverju. Deila hugmyndum á milli um breytingar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði	Myndum búa til mælikvarða og hver kennari myndi merkja við frá 1 til 10 um hvernig þeim fannst ganga.





sem stuðst er við til að meta
hvernig tókst að ná markmiði

Þúfa og Laut/ 1-3 ára börn

Umbótapáttur/matspáttur(t.s.
stjórnun, uppeldis og
menntastarf,
mannauður/leikskólabragur,
innra mat)

Gönguferðir í nánasta umhverfi okkar/ Útinám

Tækifæri til umbóta-Að hverju er
stefnt?

Börn kynna sér hverfið okkar og náttúruna um
kringum okkur, einnig tengist það líka umhverfislæsi

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að
framkvæma það?

Við myndum skipta Þúfu-og Lautabörnum saman í 3-4
hópa og plana saman ferðir. Hér gildir þó einnig að
hafa sveigjanlegt plan fyrir útinámið og elta áhuga
barnanna sem partur af þróun hæglætis en það krefst
virkar nærveru kennara að lesa í aðstæður og áhuga
barnanna.

Ábyrgð

Deildarstjórar Þúfu og Lautar saman

Hvenær hefst og hvenær eru
áætluð lok?

Við myndum byrja að plana ferðir næsta haust.
Hugmynd um að setjast saman í ágúst og plana fyrstu
ferðir eftir að aðlögun nýrra barna lýkur. Einnig
myndum við að gera plan fyrir útikennslu en muna að
hafa dagskipulag og plön líka sveigjanleg.

Hvenær og hvernig á að meta?
Hvaða aðferðir á að nota við
matið (t.d. könnun, rýnihópur,
fundir, viðtal við börn)

Gera skráningar úr ferðum og útikennslunni. Ræða
saman og fara yfir hvernig gekk og hvort eða hvað
eigum við að gera betur og breyta.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Stefnum að, að ná tveimur ferðum fyrir áramót og 3-4 eftir áramót.
--	--

Brekka og Lundur	Brekka og Lundur (4-6 ára)
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi og lestur daglega í minni hópum: Lesum í hópum eða hlustum á sögur daglega. Þá nýtum við allar samverur í vísur eða umræður t.a.m. með opnum spurningum þar sem öllum börnum gefst tækifæri til að svara.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Höfum ekki unnið með skráningar á lestri. Tækifæri er til þess.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	T.d. að búa til bókaorm eftir lestur. Þannig verður vinnan líka sýnileg.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið færi fram yfir allt árið, t.d. með samtölum og á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin öðlist meiri þekkingu í tengslum við orðaforða bóka, kunni fleiri vísur og málþroski eflist. Einnig að börnin öðlist ró í samveru og njóti sín betur.





Brekka og Lundur	Brekka og Lundur (4-6 ára)
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Virk nærvera: virkni kennara í leik barna. Kennarar setja upp leik kveikjur fyrir leik barnanna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Kennarar taki virkan þátt í umhverfinu, lesa í aðstæður og hjálpa við að skapa leik.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kennarar setjast á gólfið hjá börnunum og eru að fylgjast með leik þeirra og samskiptum, styðja við og eru partur af leikheimi þeirra.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Yfir allt árið, í samtölum og deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Nýta umhverfið, leyfa börnum að stýra leiknum og upplifa umhverfið og skapa leiki sjálf með stuðningi frá kennara. Börnin ná flæði í leik og ró er á deildinni. Möguleikahugsun blómstrar.





F. h. Leikskólans Maríuborgar

Erna Agnes Sigurðeisdóttir

Leikskólastjóri

1.júní 2026

Dagsetning





10.6 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Maríuborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Alda Dís Arnardóttir
Halla Tinna Arnardóttir
María G. Hrafnisdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Að mati foreldraráðs samræmast áherslur starfsáætlunar vel því starfi sem unnið hefur verið innan leikskólans síðasta árið, en jafnframt er ánægjulegt að sjá nýjar áherslur sem hafa komið fram með nýjum leikskólastjóra. Þar má sérstaklega nefna áherslur á hæglæti, skapandi starf, vellíðan barna og starfsfólks, auk aukinnar áherslu sl. ár á læsi og læsisstefnu.

Foreldraráð upplifir einnig aukinn metnað, þróun og skýrari framtíðarsýn í starfi leikskólans sem er afar jákvætt og spennandi fyrir áframhaldandi starfsemi. Þá telur foreldraráð afar jákvætt að verkefnastjóri listasmiðju hafi komið til starfa og að unnið sé að endurskipulagningu rýma til að styðja betur við fjölbreytt starf og þarfir barnanna.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er aðgengileg, skýr og auðlesanleg. Uppsetning hennar er góð og efnið sett fram á faglegan og skiljanlegan hátt sem auðveldar foreldrum að kynna sér áherslur og starfsemi leikskólans.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin veitir foreldrum góða innsýn inn í starf leikskólans, þau gildi sem liggja starfseminni til grundvallar og þau markmið sem unnið er eftir.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð hefur ekki efnislegar athugasemdir við starfsáætlunina en vill lýsa ánægju með þá metnaðarfullu vinnu og þá jákvæðu þróun sem þar kemur fram. Starfsáætlunin gefur skýra mynd af faglegu og framsýnu leikskólastarfi þar sem vellíðan, sköpun og þroski barna eru í fyrirrúmi.





Fulltrúar í foreldraráði:

Alda Dís Arnardóttir

Halla Tinna Arnardóttir

María G. Hrafnadóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





